


Áhættustefna LSR



26. júní 2019

Inngangur

Áhættustefna LSR og áhættustýring byggir á reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Jafnframt byggir áhættustefnan og áhættustýringin á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar ásamt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR).

Markmið

Samkvæmt 9. tölulið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins.

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar við það að uppfylla skyldur sínar sem yfirstjórn sjóðsins. Henni er beitt samhlíða fjárfestingarstefnu sjóðsins og stuðlar að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum með ásættanlegri áhættu í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Markmið áhættustefnu og tengsl við áhættustýringarstefnu

Áhættustefna LSR er stefnumarkandi yfirlýsing þar sem kemur fram vilji stjórnar til áhættutöku lífeyrissjóðsins. Í áhættustýringarstefnu kemur fram hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins. Áhættustýringarstefna sjóðsins samanstendur af eftirfarandi þrem þáttum:

1. Áhættumati og greiningu á skilgreindum áhættuþáttum sjóðsins.
2. Áhættustýringarhandbók með ítarlegri greiningu á umfangi og skipulagi áhættustýringar LSR fyrir alla þætti í starfsemi sjóðsins.
3. Áhættustýringarkerfi þar sem skráðir eru ferlar og upplýsingar um þær eftirlitsaðgerðir sem sjóðurinn beitir við framkvæmd áhættustýringar og áhættueftirlits. Þar er einnig að finna niðurstöður áhættumats á hverjum áhættuflokki fyrir sig, ábyrgð á eftirlitsaðgerðum, tíðni eftirlits og nauðsynleg viðbrögð.

Framkvæmd

Forstöðumaður áhættustýringar hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Forstöðumaður áhættustýringar, sem er umsjónarmaður áhættustýringarhandbókar og upplýsinga í áhættustýringarkerfi, upplýsir stjórn um allar breytingar á einstökum þáttum stefnunnar ásamt því að skrá þær í áhættustýringarkerfið (ÁS kerfið).

Forstöðumaður áhættustýringar skal, að lágmarki ársfjórðungslega, framkvæma nauðsynlega útreikninga á áhættu í tengslum við rekstur lífeyrissjóðsins og skila skýrslu um niðurstöður sínar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins. Í skýrslunni skal sérstaklega tiltekið hvort frávik hafi komið fram á tímabilinu og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar. Árlega skal hann skila ítarlegri skýrslu þar sem gerð er grein fyrir helstu útreikningum á áhættumælikvörðum og álagsprófi á ýmsar lykilstærðir sem hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu einstakra deilda sjóðsins. Þá skal forstöðumaður áhættustýringar gera stjórn sjóðsins jafnóðum grein fyrir breytingum á áhættustýringarhandbókinni,

áhættumati og upplýsingum sem teljast hluti af áhættustefnu sjóðsins og skráðar eru í áhættustýringarkerfi (ÁS kerfið).

Áhættustefna sjóðsins skal endurskoðuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Eigið áhættumat

Eigið áhættumat er framkvæmt að lágmarki einu sinni að ári samkvæmt reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Stjórn LSR skal skipa 2 í undirbúningsnefnd um hvaða áhættuþætti á að leggja áherslu á í hverri úttekt. Ásamt fulltrúum stjórnar sitja framkvæmdarstjóri og forstöðumaður áhættustýringar í nefndinni.

Áhættuþol

Stjórnin er meðvituð um að áhættusamari fjárfestingar geta gefið af sér meiri ávinning samfara aukinni áhættu á tapi. Á hinn bóginn hafa áhættuminni fjárfestingar ekki einungis minni tapsáhættu heldur einnig lægri ávöxtun sem gæti gert sjóðnum erfiðara að standa við skuldbindingar sínar án skerðingar á réttindum sjóðfélaga eða aukins ríkisframlags þar sem það á við.

Í því sambandi horfir stjórn til þess að viðunandi áhættuþol og áhættustig er mismunandi milli A-deildar, B-deildar og af fjárfestingarleiða séreignar hjá LSR.

Við ákvörðun um fjárfestingar A-deildar sjóðsins er, vegna aldursamsetningar sjóðfélaga, horft til langs tíma með áherslu á jafnvægi milli eigna og skuldbindinga í samræmi við lög. Vegna skuldbindingarhalla B-deildar og að óbreyttu fyrirsjáanlegrar sjóðþurrðar, er lögð áhersla á seljanleika eignasafnsins og væntanlegt sjóðsstreymi við val á fjárfestingum.

Áhættuþol sjóðfélaga í séreignardeild LSR er mismunandi, m.a. eftir aldri, og þar af leiðandi er þeim boðið upp á þrjá misáhættusækna valkosti eftir áhættuþoli hvers og eins.

Áhættuflokkun og áhættustig

Helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins skal flokka í áhættustýringarstefnu samræmi við 6. gr. reglugerðar 590/2017. Starfsfólk LSR metur áhættu hvers flokks í það minnsta einu sinni á ári og eru niðurstöður kynntar fyrir stjórn. Til grundvallar áhættumatínu liggur stigagjöf samkvæmt töflu 1, þar sem annars vegar afleiðingum og hins vegar líkum er gefin einkunn á bilinu 1 til 4 (sambærilega töflu með nánari leiðbeiningum er að finna í Áhættustýringarhandbókinni).

Tafla 1. 4x4 áhættumatsfylki LSR

4x4 áhættumat LSR		Afleiðingar			
		1 Litlar	2 Miðlungs	3 Miklar	4 Meiriháttar
Líkur	4 Yfirgnæfandi, viðvarandi	5	6	7	8
	3 Miklar	4	5	6	7
	2 Miðlungs	3	4	5	6
	1 Litlar	2	3	4	5

Áhættuvilji

Stjórnin hefur flokkað viðunandi áhættustig í fimm meginflokkum, sbr. töflu 2:

Tafla 2. Fimm stig áhættuvilja LSR.

Stig	Skýring
5 er mikil áhætta	Áhætta tekin meðvitað í þeim tilgangi að mikill ávinningur geti hlotist af því. Þessi aukna áhætta gæti haft í för með sér fjárhagstjón og orðsporsmissi.
4 er aukin áhætta	Aukin áhætta tekin meðvitað í þeim tilgangi að ávinningur hljóti af að jafnaði. Þessi aukna áhætta gæti haft í för með sér fjárhagstjón og ákveðna hættu á orðsporsmissi.
3 er grunnáhætta	Eðlileg áhætta sem fylgir starfseminni og er tekin óbreytt og óvarin. Má einnig kalla áhættuhlutlausan rekstur.
2 er minnkuð áhætta	Forðast er að taka meðvitaða áhættu, án þess þó að leggja allan þunga í að útiloka hana algerlega.
1 er lágmarks áhætta	Þungi settur í að útiloka þá áhættu sem hægt er að útiloka. Sem minnst áhætta er tekin meðvitað.

Erfitt hefur reynst að skilja á milli markaðs- og mótaðilaáhættu. Þeir flokkar eru því teknir saman í einn flokk, þ.e. fjárfestingaráhætta. Lífeyrisskuldbindingaáhætta sjóðsins stjórnast að verulegu leyti af þáttum utan áhrifasviðs stjórnar og starfsmanna sjóðsins, svo ekki er marktækt að setja sjóðnum ásættanlegt áhættustig fyrir þann áhættuflokk. Eftir standa eftirfarandi þrjú yfirflokkar, flokkað eftir deildum:

1. Fjárfestingaráhætta (markaðs og mótaðilaáhætta). Sett sér fyrir A- og B-deild og séreignardeild.
2. Lausafjánhætta. Sett sér fyrir A- og B-deild og séreignardeild.
3. Rekstraráhætta. Sameiginleg fyrir allar deildir.

Að mati stjórnar LSR telst eðlilegur áhættuvilji fyrir einstakar deildir vera sem hér segir:

Áhættuvilji fjárfestingaráhættu A-deildar er 3.

Áhættuvilji lausafjánhættu A-deildar er 3.

Deildin er ung og vex hratt. Sökum tímalengdar skuldbindinga er hæfilegt að deildin taki óvarða þá áhættu sem náttúrulega er fyrir hendi á markaðnum. Það sama á við um lausafjánhættu.

Áhættuvilji fjárfestingaráhættu B-deildar er 3.

Þar sem að B-deild LSR er byrjuð að ganga á eignir til greiðslu lífeyris er fjárfestingartímabil deildarinnar stutt miðað við A-deildina. Innborganir Ríkissjóðs inn á skuldbindingar hafa þó lengt fjárfestingartímabilið, og því er eðlilegt að hafa áhættuvilja fjárfestingaráhættu 3 líkt og í A-deild. Viðbúið er að hann fari í 2 ef að meðalfjárfestingartími styttest í framtíðinni.

Áhættuvilji lausafjánhættu B-deildar er 2.

Deildin er lokuð og er komin með stöðugt útlæði á eignum. Því er eðlilegt að hann forðist að taka meðvitaða áhættu í lausafjárstýringu sinni.

Áhættuvilji fjárfestingaráhættu leiða 1 og 2 í séreign er 3

Áhættuvilji lausafjánhættu leiða 1 og 2 í séreign er 3

Áhættuvilji fjárfestingaráhættu leiðar 3 í séreign er 1

Áhættuvilji lausafjárahættu leiðar 3 í séreign er 1

Áhættuvilji rekstraráhættu LSR er 2.

Rekstur sjóðsins hefur verið stöðugur og markmiðið er að hann verði það áfram. Á við sjóðinn sem heild.

Áhættueftirlit

Stjórn LSR ber endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættueftirlit sé til staðar, en framkvæmdarstjóri og forstöðumaður áhættustýringar sjá um framkvæmd þess fyrir hönd stjórnarinnar.

Reglubundið áhættueftirlit skal m.a. framkvæmt í skilgreindum eftirlitsaðgerðum. Í upplýsinga- og stjórnkerfi áhættueftirlitsins, ÁS-kerfinu, er haldið utan um þessar eftirlitsaðgerðir. Eftirlitsaðgerðir skulu vera skýrar, afmarkaðar og viðbrögð við frávikum tilgreind sérstaklega. Skilgreindar eru tvær tegundir af áhættueftirlitsaðgerðum, ákvarðandi og leiðbeinandi.

- Ákvarðandi eftirlitsaðgerðir innihalda skýr mörk og ef farið er út fyrir þau eru skilgreindar skýrar aðgerðir. Frávik og viðbrögð við þeim þarf að tilkynna stjórn við fyrsta tækifæri. Eftirlitsaðgerðir sem fylgjast með að sjóðurinn sé innan eignamarka skilgreindum í lögum eru dæmi um ákvarðandi eftirlitsaðgerðir.
- Leiðbeinandi eftirlitsaðgerðir innihalda skýr mörk, en hversu ákvarðandi eða leiðbeinandi mörkin eru, er tiltekið í aðgerðinni. Stjórn sjóðsins skal upplýst um frávik og viðbrögð við þeim í það minnsta ársfjórðungslega.

Þannig samþykkt áhættustefna fyrir LSR á stjórnarfundi 26. júní 2019.